

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hríseyjarheppi.

Deiliskipulag við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga, Hríseyjarheppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur sveitarstjórn Hríseyjarhrepps þann 24. maí 2002 samþykkt tillögu að deiliskipulagi við Austurveg, Eyjabyggð og Búðartanga í Hrísey.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 9 lóðum fyrir íbúðarhús og 20 lóðum fyrir frístundahús. Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 dags. 12. apríl 2002 og greinargerð dags. 18. mars 2002.

Uppdrættirnir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hrísey, 21. júní 2002.

Pétur Bolli Jóhannesson sveitarstjóri/skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að stöðvunarskylda verði á Fornhaga fyrir umferð um Hjarðarhaga.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 21. júní 2002.

F.h. Böðvars Bragasonar lögreglustjóra,

Ingimundur Einarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur verið ákveðið að biðskylda verði á Langatanga fyrir umferð um Skeiðholt og að biðskylda verði á Skeiðholti fyrir umferð um Þverholt.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 21. júní 2002.

F.h. Böðvars Bragasonar lögreglustjóra,

Ingimundur Einarsson.